



# MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR\*

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017

\*umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

<b>Málsheiti og nr.</b>	Frumvarp til laga um gagnaöflun um farsæld barna. MRN22090097.
<b>Ráðuneyti</b>	Mennta- og barnamálaráðuneyti
<b>Stig mats</b>	<input checked="" type="checkbox"/> Frummat, sbr. 1. gr. <input type="checkbox"/> Endanlegt mat, sbr. 10. gr.
<b>Dags.</b>	30. nóvember 2022

## A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifaþáttum fyrir ríkið

- 1. Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifaþættir á fjárhag ríkissjóðs**
  - a) Hvaða fjárhagsgreining, rekstraráætlanir, reiknilíkön eða önnur áætlanagerð hefur farið fram við undirbúning fjárhagsmatsins?**

Unnin hefur verið kostnaðaráætlun v. fyrirlagna og er sá kostnaður metinn óverulegur, eða á bilinu 6.000.000-10.000.000 kr. á ári. Kostnaður stýrist af umfangi fyrirlagna, en annað hvert ár er hugað að því að leggja könnunina fyrir samhliða í grunn- og framhaldsskólum. Stjórnvöld hafa lagalega skyldu að framkvæma rannsóknir og afla gagna um líðan og velferð barna og ungmenna á Íslandi, kemur sú skylda m.a. fram í æskulýðslögum nr. 70/2007, lögum um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna, leik- grunn- og framhaldsskólalögum o.s.frv. Stjórnvöld hafa staðið fyrir slíkum rannsóknum frá 1992 og því yrði um sambærilegan kostnað að ræða að gefnu uppreiknun vegna verðlagshækkana o.s.frv.
  - b) Helstu forsendur sem áætlanir byggja á og næmni niðurstaðna fyrir frávikum**

Lagt hefur verið mat á kostnað með kostnaðaráætlun aðila sem sinna gagnafyrirlögninni fyrir stjórnvöld sem stendur, en sá aðili er Háskóli Íslands og Menntavísindastofnun.
  - c) Eru fjárhagsáhrif tímabundin eða varanleg?**

Varanleg – en um er að ræða kostnað sem stjórnvöld eru að standa straum af nú þegar og hafa gert frá árinu 1992.
  - d) Skorður sem eru settar fyrir útgjöldum og hvatar sem geta haft áhrif á útgjaldapróun**

Gögnunum yrði aflað á grundvelli kostnaðaráætlunar og samnings við rannsóknaraðila og kostnaður því bundinn í samræmi við það.
  - e) Aðskilin umfjöllun um brúttóáhrif á tekjuhlið og gjaldahlið en einnig tilgreind nettóáhrif á afkomu: Á ekki við, metið við vinnslu frumvarps.**
- 2. Tekjubreytingar**

Engin áhrif
- 3. Útgjaldabreytingar**

– Sjá gátlista fyrir mat á fjárhagsáhrifum
- 4. Eignabreytingar**

– Sjá sérstakan gátlista fyrir mat á fjárhagsáhrifum
- 5. Aðrir áhrifaþættir varðandi ríkisfjármál**
  - a) Samræmi við viðmið og sjónarmið um fyrirkomulag á útgjaldastýringu og umbúnað í fjárlögum: Já.

- b) Samræmi við viðmið um framsetningu fjárlaga og reikningshaldslegan grundvöll samkvæmt lögum um opinber fjármál: Já.
- c) Uppbygging skattkerfis og tekjuöflunar ríkissjóðs: Á ekki við.
- d) Forsendur og umbúnaður þjónustugjalda – lagakröfur: Á ekki við.
- e) Rekstrarform ríkisstarfsemi: Á ekki við.
- f) Opinber innkaup og útboð: Á ekki við.
- g) Eignaumsýsla ríkisins: Á ekki við.
- h) Réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna: Á ekki við.
- i) Ríkisstyrkir og ívilnanir, þ.m.t. samræmi við reglur ESA, sbr. 61. gr. EES-samningsins. Ath. tilkynningarskyldu með tveggja mánaða fyrirvara: Á ekki við.

## B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaætlun – fjármögnun

1. **Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins:**
  - a) í gildandi fjárlögum  
Já
  - b) í fjárlagafrumvarpi komandi árs  
Já
  - c) í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar  
Já
2. **Hafi ekki þegar verið gert ráð fyrir útgjöldum við verkefni, hvernig er þá ætlunin að finna þeim stað innan útgjaldaramma málaflokks t.d. með tilfærslu fjármuna eða með því að draga úr öðrum útgjöldum?**  
Á ekki við.
3. **Tengist einhver ný eða aukin tekjuöflun verkefninu?**  
Nei

## C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni

1. **Hagræn áhrif á heildareftirspurn og einstaka markaði – hagstjórnarsjónarmið**
2. **Áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði, hversu mörg fyrirtæki verða fyrir áhrifum og hvers konar fyrirtæki? Einföldun laga eða stjórnarsýslu? Leitað umsagnar ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur? Sbr. lög nr. 27/1999.**  
– Sjá leiðarvísinn „Grunnmat á eftirlitsreglum“
3. **Samkeppnisskilyrði**
  - a) Líkur á því að fjöldi fyrirtækja á markaði takmarkist með beinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér einhvers konar einkarétt, leyfiskerfi eða kvóta): Á ekki við.
  - b) Líkur á því að fyrirtækjum á markaði fækki með óbeinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér aukinn kostnað við inngöngu á markað eða tekur aðeins til hluta starfandi fyrirtækja): Á ekki við.
  - c) Takmarkanir á möguleikum fyrirtækja til þess að mæta samkeppni vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin hefur áhrif á verð fyrirtækja eða eðli vörunnar t.d. staðlar eða ef aðgerðin takmarkar sölusvæði, svigrúm til að auglýsa eða til að ákveða hvernig vara er framleidd): Á ekki við.
  - d) Takmarkanir á frumkvæði fyrirtækja til að stunda samkeppni með virkum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér að fyrirtæki verði undanþegin samkeppnislögum eða ef fyrirtæki bera skyldu eða eru hvött til að skipta með sér hvers konar viðskiptalegum upplýsingum): Á ekki við.

## D. Önnur áhrif

### 1. Áhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011

– Ath. að skylt er að leggja slíkt mat fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga til umsagnar og tilkynna niðurstöðu máls til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins

Frumvarpið miðar að því að tryggja opið aðgengi að tölfræðigögnum um líðan og hagi barna og ungmenna á Íslandi. Hér væri því að ræða um gjaldfrjálsan aðgang sveitarfélaga að gögnum sem þau hafa mörg hver greitt sérstaklega fyrir frá einkaaðila. Sveitarfélögin hefðu í kjölfar frumvarpsins því val um hvort þau nýttu opinn aðgang að gögnum frá ríkinu að kostnaðarlausu og/eða keyptu aðgang að gögnum og greiningum frá einkaaðila.

### 2. Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu á Íslandi)

– Ath. tilkynningarskyldu til ESA með fjögurra mánaða fyrirvara, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 666/2011: Á ekki við.

### 3. Áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000

– Ath. tilkynningarskyldu til ESA með þriggja mánaða fyrirvara, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 666/2011: Á ekki við.

### 4. Áhrif á byggðalög

Frumvarpið myndi afla gagna um líðan og hagi barna sem búa um land allt, ekki síst börn í dreifðari byggðum. Gögnin verða opin og aðgengileg og auðvelda því samanburð barna sem búa í byggðalögum við börn í þéttbýli. Jafnframt munu gögnin varpa ljósi á aðgengi barna í dreifðari byggðum að þjónustu, stöðu barna sem tilheyra viðkvæmum hópum og svo framvegis. Að því sögðu auðvelda gögnin stjórnvöldum stefnumótun, forgangsröðun verkefna og fjármuna og eftirlit með skyldum sínum m.t.t. barna sem búa í byggðalögum í dreifbýli.

### 5. Áhrif á frjáls félagasamtök

Um er að ræða frumvarp sem tryggir aukið aðgengi að tölfræðigögnum um líðan og hagi barna á Íslandi, sem gerir það að verkum að auðveldara er fyrir frjáls félagasamtök sem koma að réttindum og velferð barna að afla gagna í réttindagæslu sinni en áður.

### 6. Áhrif á jafnrétti kynjanna

Markmið frumvarpsins er að tryggja markvissa gagnaöflun af hálfu stjórnvalda um líðan og hagi barna og ungmenna á Íslandi. Enn fremur yrði eitt af markmiðum frumvarpsins að tryggja opið aðgengi að gagnasettinu hvort sem er gagnvart öðrum ráðuneytum, opinberum aðilum, fræðasamfélaginu, félagasamtökum, alþjóðlegum eftirlitsaðilum eða almennungi. Gagnasettið sem yrði aflað meðal barna og ungmenna á Íslandi á aldrinum 10-25 ára myndi veita skýra mynd af stöðu kynjanna á Íslandi með tilliti til fjölda breyta svo sem námslegri stöðu, efnislegum lífsgæðum, þátttöku í tómstundastarfi, upplifun af ofbeldi, líkamlegri heilsu, geðheilsu, þátttöku í samfélaginu, vímuefnaneyslu, áhættuhegðunar o.s.frv. Að sama skapi myndi gagnasettið samanstanda af fjölda bakgrunnsbreyta m.t.t. uppruna, búsetu, kynferðis, efnahagslegrar stöðu, menntunar foreldra o.s.frv.

Af ofangreindu leiðir að markmið frumvarpsins myndu ríma vel við áherslur stjórnvalda er kemur að jafnrétti kynjanna, auk jafnréttis í almennum skilningi. Með gagnasettinu sem stendur til að afla samkvæmt frumvarpinu er aðgengi að upplýsingum til stefnumótunar, undirbúnings lagasetningar og forgangsröðunar fjármagns, til verkefna sem styðja við jafnrétti stórbætt. Enn fremur stuðlar frumvarpið að því að slík gögn séu notuð með markvissum hætti af stjórnvöldum til að jafna stöðu þjóðfélagshópa í viðkvæmri stöðu m.a. á grundvelli kyns. Sömuleiðis myndi frumvarpið auðvelda stjórnvöldum að sinna upplýsingabeidnum vegna eftirlits með alþjóðlegum skuldbindingum sem Ísland er aðili að, s.s. samningi SP um réttindi barnsins, samningi SP um réttindi fatlaðs fólks, samningi Evrópuráðsins um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun og samningi Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi.

### 7. Áhrif á lýðheilsu

Um er að ræða frumvarp sem tryggir aðgengileika að mikilvægum gögnum um heilsu og líðan barna og ungmenna, munu þau nýtast opinberum aðilum, einstaklingum, félagasamtökum o.fl. við forvarnir og að efla lýðheilsu barna og ungmenna.

#### 8. Áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir

Frumvarpið gengur út á að afla gagna um líðan og hagi barna og ungmenna, m.a. með tilliti til skólaumhverfisins. Er þar horft til að skoða líðan þeirra í skóla, upplifun þeirra af tilgangi námsins, samskiptum við nemendur og kennara o.fl. og munu gögnin því nýtast að umfangsmiklu leyti við að efla og bæta menntun barna. Annað markmið frumvarpsins er að efla rannsóknir á líðan og velferð barna og ungmenna með því að tryggja opinn aðgang að gagnafyrirlögnunum sem aflað er fyrir opinbert fé. Mun það nýtast með umfangsmiklum hætti innan fræðasamfélagsins og rannsókna almennt.

#### 9. Áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri

Frumvarpið mun tryggja aðgang stjórnvalda að gögnum um líðan og velferð barna á Íslandi og þar af leiðandi styrkja aðstöðu stjórnvalda hvað það varðar að geta tekið þátt í samanburði við önnur ríki m.a. Norðurlandþjóðirnar.

#### 10. Áhrif á stjórnsýslu, s.s. hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni

Frumvarpið mun tryggja aukinn aðgang innan stjórnsýslunnar að gögnum um líðan og velferð barna á Íslandi með það að markmiði að auka möguleika ráðuneyta og opinberra stofnana að móta stefnumótun, undirbúa lagasetningu og sinna eftirliti með ábyrgðum stjórnvalda á grundvelli raunprófaðrar þekkingar og tölfræðigagna.

Skrifstofa greininga- og fjármála innan mennta- og barnamálaráðuneytisins mun halda utan um verkefnið í samstarfi við aðrar skrifstofur ráðuneytisins og ráðuneyti/opinbera aðila sem koma að málefnum barna og ungmenna.

#### 11. Áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa, s.s. aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar

Frumvarpið mun tryggja að stjórnvöld hafi aðgang að betri upplýsingum um stöðu ungs fólks á Íslandi, með sérstaka áherslu á börn og ungmenni upp að 25 ára aldri. Mun frumvarpið leggja sérstaklega áherslu á að afla gagna er varpa ljósi á stöðu barna í viðkvæmri stöðu með tilliti til efnahagslegrar stöðu, börn einstæðra foreldra, hinsegin börn, börn sem búa á hinsegin heimilum, börn af erlendum uppruna, börn í leiguhúsnæði, börn sem búa í dreifbýli o.s.frv.

#### 12. Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun

Verkefnið hefur ekki áhrif á umhverfissjónarmið en styður stjórnvöld á þeirri vegferð að uppfylla heimsmarkmið SP, sem byggja meðal annars á gagnaöflun og lykilmælikvörðum er varða atriði sem safnað yrði upplýsingum um á grundvelli frumvarpsins.

### E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á

1. **Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir ríkissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag:** Einungis gert ráð fyrir óverulegum kostnaði gagnvart ríkissjóði.
2. **Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á:** Það er óþarfi þar sem óverulegan kostnað er að ræða.
3. **Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat):** Það er mikill ávinningur í húfi m.t.t. utan um halds á gögnum um farsæld barna.

### F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati

1. **Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR?**
2. **Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma?**
3. **Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin?**

